

## Skuldir:

## Skammtímaskuldir:

Ógr. hlutdeild í fæðiskostn. sjómanna .....	kr.	138 085 459
Ógr. endurgreiðsla v. togara .....	—	35 847 644
Ógreiddur kostnaður .....	—	935 944
Jöfnunardeildin .....	—	639 847
	Kr.	175 508 894

## Skuldir umfram eignir:

Ójafnað tap til næsta árs .....	kr.	(112 383 449)
	Kr.	63 125 445

Ársreikning þennan fyrir áhafnadeild Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins höfum við samið eftir bókhaldi deildarinnar að aflokinni endurskoðun. Ársreikningurinn hefur að geyma tekju- og gjaldareikning fyrir árið 1975, efnahagsreikning 31. desember 1975 og fjármagnsstreymi árið 1975, og honum fylgja skýringar við einstaka liði hans.

Við framkvæmd endurskoðunarinnar voru gerðar þær kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum, sem við töldum nauðsynlegar. Við höfum fengið allar þær upplýsingar og skýringar, sem við höfum óskað eftir.

Það er álit okkar að ársreikningurinn ásamt meðfylgjandi skýringum gefi glögga mynd af afkomu deildarinnar á árinu 1975 og efnahag hennar 31. desember 1975.

Reykjavík, 12. september 1976.

Guðni S. Gústafsson, löggiltur endurskoðandi.

Már Elísson. Tryggvi Helgason. Sigfús Bjarnason.  
 Ingimar Einarsson. Ingólfur Falsson. Ingólfur Arnarson.  
 Ágúst Flygenring.

13. maí 1977.

Nr. 206.

## G J A L D S K R Á

## um þóknun til sáttanefndarmanna.

## 1. gr.

Fyrir störf sáttanefndarmanna skal greiða þóknun sem hér segir:

Fyrir áritun á sáttakæru 250 krónur.

Fyrir hvert mál, sem sátt er reynd um, 500 krónur til hvors sáttanefndarmanns.

Fyrir hvert mál, sem úrskurðað er samkvæmt 21. gr. einkamálaganna, 500 krónur að auki til hvors sáttanefndarmanns.

## 2. gr.

Nú verða almennar breytingar á launum ríkisstarfsmanna og skal þóknun samkvæmt 1. gr. þá breytast að sama skapi.

## 3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 2. og 5. gr. laga nr. 33 26. apríl 1963 um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði, öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 176 27. maí 1963.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. maí 1977.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

**Bréf dómsmálaráðuneytisins til sýslumanns Skagafjarðarsýslu um flutning þingstaðar í Skarðshreppi.**

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi dags. 31. mars sl. og ósk hreppsnefndar Skarðshrepps, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að þingstaður hreppsins verði fluttur frá Innstalandi að Skarði enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta tilkynnist yður hér með til frekari birtingar.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 5. maí 1977.*

**F. h. r.**

**Baldur Möller.**

*Dorleifur Pálsson.*